

Skýrsla félagsmálaráðuneytisins

um 56. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1971.

Fimmtugasta og sjötta þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var háð í Genf dagana 2.—23. júní 1971.

Þingið sátu 1250 fulltrúar og ráðunautar frá 113 aðildarríkjum stofnunarinnar og auk þess yfir 80 ráðherrar. Þá sóttu og þingið áheyrnarfulltrúar frá ósjálfstæðum ríkjum og ýmsum alþjóðastofnunum. Átta aðildarríki, þ. á m. Ísland áttu ekki fulltrúa á þessu þingi.

Dagskrá þingsins var svohljóðandi:

- I. Skýrsla framkvæmdastjóra.
- II. Stefnuskrá og fjármál.
- III. Skýrslur um framkvæmd samþykktá og tillagna.
- IV. Atvinnuhorfur í heiminum.
- V. Vernd og fyrirgreiðsla til handa trúnaðarmönnum verkamanna á vinnustað.
- VI. Vernd gegn eitrunarhættu frá henseni.

Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir dagskrármálum þingsins, en samþykktir og tillögur þingsins eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

I. Skýrsla framkvæmdastjóra.

Eins og hin síðari ár skiptist skýrsla framkvæmdastjórans í tvo hluta. Í öðrum hlutanum er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar, en hinn fjallar um sérstakt efni, sem framkvæmdastjórinn kýs að taka til athugunar og umræðna.

Að þessu sinni fjallaði skýrslan um það, hvern þátt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar gæti átt í því að minnka bilið milli iðnþróaðra og vanþróaðra ríkja og milli kynþátta og kynslóða og hvernig stuðla mætti að meiri jöfnuði innan einstakra ríkja og ríkja í milli. Þar segir m. a. að þeim, sem ekki eiga aðgang að lífsins gæðum í sanngjörnum mæli, stoði lítt að því sé haldið fram, að allir menn séu fæddir jafnir. Framkvæmdastjórinn ræðir það í skýrslunni, að í tæknipróuðum löndum þar sem megináhersla er lögð á framleiðsluna, sé of lítill gaumur gefinn að hinum mannlegu, félagslegu og siðferðilegu verðmætum. Bent er á það, að Alþjóðavinnumálastofnunin geti stuðlað að bættu lífi og starfskjörum m. a. með leiðbeiningum við starfsval, bættum vinnuaðferðum og auknum ráðstöfunum til slysavarna og heilsugæslu á vinnustöðum. Einnig er minnst á nokkur mikilvæg stefnumál Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hún hefur unnið að og gert samþykktir um, svo sem félagafrelsi og samningafrelsi. Lögð er áhersla á það, að á ýmsum sviðum og ýmsum stöðum sé það nauðsyn að leysa menn úr viðjum ýmis konar fordóma og misréttis og veita þeim aukið frelsi, en fyrsta skrefið í þá átt séu raunhæfar viðræður um málið.

Í ræðu sinni á þinginu sagði framkvæmdastjórinn m. a., að í skýrslunni væri meiri áhersla lögð á að bera fram spurningar heldur en að svara þeim, því hann vildi ekki skera umræðunum of þröngan stakk. Heldur vildi hann geta samið tillögur byggðar á þeim hugmyndum, sem kæmu fram í umræðunum á þinginu.

II. Stefnuskrá og fjármál.

Árið 1969 var sá háttur upp tekinn að gera framkvæmda- og fjárhagsáætlun fyrir tvö ár í senn. Á þessu þingi, 1971, var gerð áætlun fyrir árin 1972 og 1973. Nemur fjárhagsáætlunin fyrir þetta tímabil 71.503.000.00 dollurum en var 62.929.849.00 dollarar fyrir næsta tveggja ára tímabil á undan. Mestur hluti hækkunarinnar er vegna verðhækkana, en að nokkru vegna aukinnar starfsemi stofnunarinnar.

Ísland greiðir lágmarkstillag til Alþjóðavinnuáætlunarinnar, en það var 24.386 dollarar 1972 og 20.902 dollarar 1973.

III. Skýrslur um framkvæmd samþykktar og tillagna.

Þegar ríki hefur fullgilt samþykkt Alþjóðavinnuáætlunarinnar ber því skylda til þess að gefa á tilteknum fresti skýrslu um framkvæmd ákvæða samþykktarinnar. Sama er að segja um þær tillögur þingsins, sem ríki hafa fallist á, en þær eru ekki skuldbindingandi á sama hátt og samþykktir.

Sérstök nefnd lögfræðinga kannar þessar skýrslur og athugar hvort misræmis gæti milli ákvæða samþykktar og löggjafar hlutaðeigandi ríkis. Nefndin gerir síðan stjórn Alþjóðavinnuáætlunarinnar grein fyrir athugasemdum sínum, en stjórnin leggur málið fyrir allsherjarþingið.

Á Alþjóðavinnuáætluninni, sem kemur saman árlega í júnímánuði, fjallar svo sérstök nefnd um þetta mál. Hún boðar oft á sinn fund fulltrúa einstakra ríkisstjórna, sem nefndin telur ekki hafa fullnægt skuldbindingum sínum, og gefur þeim kost á því að gera grein fyrir sínu máli. Nefndin gefur skýrslu um störf sín og vekur athygli á því, sem hún telur á skorta að aðildarríkin framfylgi ákvæðum þeirra samþykktar, sem þau hafa fullgilt.

Misjafnar heimtur eru jafnan á skýrslum aðildarríkjanna. Þannig bárust fyrir þingið 1971 einungis 81.6% þeirra skýrslna, sem krafist var.

Ábendingar um að landslög væru ekki í samræmi við ákvæði fullgilttra samþykktar, hafa leitt til fjölmargra lagfæringa í því efni og á árinu 1970 barst Alþjóðavinnuáætlunarinnar vitneskja um 80 slík tilvik.

Ef ríki fullnægir ekki skuldbindingum sínum þrátt fyrir endurtekin tilmæli, er það sett á sérstakan „svartan lista“, en það er nánast einu viðurlögin, sem Alþjóðavinnuáætlunarinnar getur beitt þau aðildarríki, sem ekki gegna skyldum sínum gagnvart stofnuninni.

IV. Atvinnuhorfur í heiminum.

Í skýrslu sinni til þingsins 1969 ræddi framkvæmdastjórnin m. a. um það, hvað unnt væri að gera næsta áratuginn til þess að sjá auknum fólksfjölda fyrir atvinnu. Þar kom fram að gert var ráð fyrir því, að á tímabilinu 1970—1980 mundi fólki fjölga um 22% eða um 226 milljónir manna.

Þetta mál var svo tekið upp á ný sem sérstakur dagskrárliður á þinginu 1971. Taldi þingið, að eitt brýnasta verkefni Alþjóðavinnuáætlunarinnar næstu árin væri að stuðla að auknum atvinnuöguleikum fólks, einkum í hinum vanþróðu ríkjum, þar sem ástandið er verst í þessum efnum. Verkefni þetta er margslungið og því er nauðsynlegt að hafa samvinnu við aðrar alþjóðlegar stofnanir um lausn þess. Í sambandi við þetta mál var sérstaklega rætt um atvinnuleg vandamál fatlaðra, aldraðra og annarra flokka manna, sem sérstöðu hafa.

V. Vernd og fyrirgreiðsla til handa trúnaðarmönnum verkamanna á vinnustað.

Þetta mál var til fyrri umræðu á þinginu 1970, en var nú tekið til síðari umræðu og endanlegrar afgreiðslu á þessu þingi. Gerði þingið samþykkt um málið og auk þess tillögu, sem hefur að geyma ýmis nánari ákvæði en í samþykktinni felast.

Samþykktin miðar að því að auðvelda trúnaðarmönnum verkamanna að inna sín trúnaðarstörf sem best af hendi og tryggja það, að þeir verði ekki fyrir tjóni eða óþægindum vegna þessara trúnaðarstarfa. En réttur trúnaðarmanna er bundinn því sjálfsagða skilyrði, að þeir hagi sér í samræmi við gildandi lög, heildarsamninga eða aðrar reglur, sem aðilar hafa samþykkt.

Samþykktin gerir greinarmun á því, hvort trúnaðarmenn verkamanna á vinnustað eru tilnefndir af hlutaðeigandi stéttarfélagi eða kjörnir af verkamönnum á vinnustað.

Ákvæði um réttindi og störf trúnaðarmanna á vinnustöðum er að finna í 9.—12. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þar segir í 11. gr.: „Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu vegna starfa þeirra sem trúnaðarmanna eða láta þá á nokkurn annan hátt gjalda þess, að stéttarfélag hefur falið þeim að gegna trúnaðarmannstörfum fyrir sig. Nú þarf atvinnurekandi að fækka við sig verkamönnum, og skal þá trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.“

Virðist þetta ákvæði vera í fullu samræmi við þær kröfur, sem í 1. gr. samþykktarinnar eru gerðar um vernd til handa trúnaðarmönnum verkamanna á vinnustað.

Í annarri grein samþykktarinnar er svo kveðið á, að á vinnustað skuli trúnaðarmönnum verkamanna veitt fullnægjandi fyrirgreiðsla til þess að þeir geti innt hlutverk sitt af hendi fljótt og vel. Í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur eru engin ákvæði um slíka fyrirgreiðslu. Það virðist því orka tvímælis hvort ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt að fullu hér á landi, eins og nú standa sakir. Úr þessu mætti hætta með því að setja ákvæði um þetta atriði í lög eða heildarsamninga milli atvinnurekenda og launþega.

Hinn 1. júní 1973 höfðu eftirtalin 10 ríki fullgilt samþykkt þessa: Kúba, Frakkland, Ungverjaland, Irak, Filabeinsströndin, Níger, Spánn, Svíþjóð, Bretland og Zambía.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal I og tillagan sem fylgiskjal III.

VI. Vernd gegn eitrunarhættu frá benseni.

Bensen er efni, sem víða er mikið notað í ýmis konar efnaiðnaði og er óskýlt bensíni, en vegna nafnsins hættir sumum til að rugla þessu tvennu saman. Bensen er mjög eittrað efni, sem valdið getur bráðri hættu, ef menn komast í snertingu við stóran skammt af því. En mesta hættan er þó fólgin í langvinnum áhrifum þess, þegar það kemst inn í mannslíkamann í smáum skömmtum á löngum tíma.

ÁAlþjóðavinnuálagningu 1971 var gerð samþykkt og tillaga um varnir gegn eitrun frá benseni, en Alþjóðavinnuálastofnunin hefur fyrr látið þetta mál til sín taka og hefur Efnaiðnaðarnefnd stofnunarinnar gert um það ályktanir og vakið athygli á nauðsyn varúðarráðstafana í sambandi við notkun þessa efnis.

Samþykktin tekur til allrar starfsemi þar sem mönnum getur verið hættu búin frá benseni eða vörum, sem innihalda meira en 1% af því efni og hún mælir svo fyrir, að þegar völ er á hættuminni efnum, skuli þau notuð í stað bensens eða efna, sem innihalda bensen. Veita má tímabundin frávik frá nefndum hundræðshluta að fullnægðum vissum skilyrðum. Í samþykktinni er lagt algjört bann við notkun bensens í ákveðnum tilvikum og kveðið á um varúðarráðstafanir á vinnustöðum þar sem notkun þess er leyfð. Notkun bensens skal fara fram í lokuðu kerfi, þar sem því verður við komið. Geymar með benseni skulu vel merktir. Þá hefur samþykktin að geyma ýmis ákvæði um læknisskoðanir á mönnum, sem fara með þessi hættulegu efni. Tillagan, sem samþykkt var, felur í sér ýmis nánari ákvæði og strangari reglur en samþykktin.

Á Íslandi munu ekki hingað til hafa verið sett ákvæði í lögum eða reglugerðum um efni þessarar samþykktar, svo að fullgilding hennar kemur ekki til greina að svo stöddu.

Hinn 1. júní 1973 höfðu alls 7 ríki fullgilt þessa samþykkt, en ekkert Norðurlandanna er í þeim hópi.

Samþykktin er prentuð hér með sem fylgiskjal II og tillagan sem fylgiskjal IV.

Fylgiskjal I.

Samþykkt nr. 135 um vernd og fyrirgreiðslu til handa trúnaðarmönnum verkamanna á vinnustað.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuárástofnunarinnar, er kom saman til fimmtugustu og sjöttu þingsetu sinnar í Genf hinn 2. júní 1971 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuárástofnunar,

minnist ákvæða Samþykktar um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, sem kveða á um vernd verkamanna fyrir athöfnum, sem skerði félagafrelsi þeirra í sambandi við vinnu,

telur æskilegt að bæta við þessi ákvæði með tilliti til trúnaðarmanna verkamanna,

hefur samþykkt ákveðnar ábendingar varðandi vernd og fyrirgreiðslu til handa trúnaðarmönnum verkamanna á vinnustað, en það er fimmta mál á dagskrá þingsins, og þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar gerir það í dag hinn 23. júní 1971 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Samþykkt um trúnaðarmenn verkamanna, 1971:

1. gr.

Trúnaðarmenn verkamanna á vinnustað skulu njóta raunhæfrar verndar fyrir hvers konar skaðlegum athöfnum, þ. á m. uppsögn atvinnu, sem beint er gegn þeim vegna stöðu þeirra eða starfsemi sem trúnaðarmanna verkamanna eða aðildar þeirra að stéttarfélagi eða þátttöku í starfsemi slíkra félaga svo framarlega sem þeir haga sér í samræmi við gildandi lög, heildarsamninga eða aðra skipan sem aðilar hafa samþykkt.

2. gr.

1. Á vinnustað skal trúnaðarmönnum verkamanna veitt fullnægjandi fyrirgreiðsla til þess að þeir geti innt hlutverk sitt af hendi fljótt og vel.
2. Í þessu sambandi skal taka tillit til þess, hvernig háttað er sambandi atvinnurekenda og verkamanna í hverju landi, svo og þarfa, stærðar og möguleika hlutaðeigandi fyrirtækis.
3. Veiting þessarar fyrirgreiðslu skal ekki skerða afkastagetu hlutaðeigandi fyrirtækis.

3. gr.

Í þessari samþykkt merkir „trúnaðarmenn verkamanna“ menn, sem viðurkenndir eru sem slíkir samkvæmt lögum eða venju, hvort sem þeir eru:

- a. trúnaðarmenn stéttarfélags, þ. e. a. s. trúnaðarmenn, sem eru tilnefndir eða kjörnir af stéttarfélagi eða meðlimum slíks félags; eða
- b. kjörnir trúnaðarmenn þ. e. a. s. trúnaðarmenn, sem eru með frjálsum kosningum kjörnir af verkamönnum í fyrirtækinu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða eða heildarsamninga, enda taki hlutverk þeirra ekki til starfsemi, sem í hlutaðeigandi landi er viðurkennt að heyri einungis undir stéttarfélög.

4. gr.

Með lögum, reglugerðum, heildarsamningum, úrskurðum gerðardóma eða dómstóla má ákveða hvaða flokkur eða flokkar trúnaðarmanna verkamanna skuli njóta þeirrar verndar og fyrirgreiðslu, sem um ræðir í þessari samþykkt.

5. gr.

Nú eru hjá sama fyrirtæki bæði trúnaðarmenn stéttarfélags og kjörnir trúnaðarmenn og skal þá, ef nauðsyn krefur gera viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því, að tilvist kjörinna trúnaðarmanna sé ekki notuð til þess að grafa undan stöðu hlutaðeigandi stéttarfélags eða trúnaðarmanna þess og stuðla skal að samvinnu kjörinna trúnaðarmanna og hlutaðeigandi stéttarfélaga og trúnaðarmanna þeirra um öll atriði, er máli skipta.

6. gr.

Samþykkt þessari má veita gildi með lögum, reglugerðum eða heildarsamningum eða með hverjum þeim hætti öðrum, sem samrýmist landsvenjum.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skráningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, og notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skráningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnu- og atvinnuáskrifstofunnar kann að álita það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar og ekki er öðruvísi ákvæðið í hinni nýju samþykkt þá skal:
 - a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausu uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 9. greinar hér að framan liður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma, er það gerðist;
 - b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru liður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

14. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Fylgiskjal II.

**Samþykkt nr. 136 um vernd gegn
eitrunarhættu frá bensení.**

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til fimmtugustu og sjöttu þingsetu sinnar í Genf hinn 2. júní 1971, eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, hefur samþykkt ákvæðnar ábendingar varðandi vernd gegn eitrunarhættu frá bensení, sem er 6. mál á dagskrá þingsins og þar sem það hefur ákveðið, að ábendingar þessar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir þingið í dag hinn 23. júní 1971 eftirfarandi samþykkt, sem nefnist Bensen-samþykktin, 1971.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til allrar starfsemi, þar sem starfsmönnum getur verið hættu búin af:

- a. aromatiska kolvatnsefninu bensen C_6H_6 , hér á eftir nefnt „bensen“,
- b. framleiðsluvörum, sem innihalda meira en 1% af bensení, miðað við rúm-mál, hér á eftir nefndar „efni sem innihalda bensen“.

2. gr.

1. Þegar völ er á skaðlausum eða skaðminni efnum, skal nota þau í staðinn fyrir bensen eða efni, sem innihalda bensen.
2. Töluliður 1 í þessari grein tekur ekki til
 - a. framleiðslu á bensení,
 - b. notkunar bensens við efnasyntesur,
 - c. notkunar bensens í brennsluefni véla,
 - d. efnagreininga og rannsóknna á rannsóknastofum.

3. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald í hverju landi getur veitt tímabundin frávik frá hundraðstölunni í b-lið 1. greinar og einnig frá ákvæðum 1. mgr. 2. greinar þessarar samþykktar, með þeim skilyrðum og innan þeirra tímamarka, sem ákveðin séu að höfðu samráði við helstu samtök verkamanna og atvinnurekenda, þar sem þau eru til.
2. Í slíkum tilvikum skal hlutaðeigandi aðildarríki tilgreina í skýrslum sínum um framkvæmd samþykktarinnar, sem gefnar eru samkvæmt 22. gr. stofnskrár Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, hvernig lögum þess og venju er háttað með tilliti til þessara frávika og um þær framfarir, sem orðið hafa í þá átt að ákvæðum samþykktarinnar verði beitt að fullu.

3. Að liðnum þremur árum frá fyrstu gildistöku samþykktar þessar skal stjórn Alþjóðavinnuáskrifstofunnar leggja fyrir þingið sérstaka skýrslu um framkvæmd ákvæða 1. og 2. töluliðs þessarar greinar og gera þær tillögur, sem hún kann að telja við eiga með tilliti til frekari aðgerða í þessu máli.

4. gr.

1. Banna skal notkun bensens og efna, sem innihalda bensen, við ákveðnar vinnsluaðferðir, sem tiltekna séu í landslögum eða reglugerðum.
2. Bann þetta skal a. m. k. taka til notkunar bensens og efna, sem innihalda bensen, sem upplausnar- eða þynniefni, nema breytingin fari fram í lokuðu kerfi eða með álika öruggum starfsaðferðum.

5. gr.

Tæknilegum aðferðum og hollustuháttum á vinnustað skal beitt til þess að tryggja raunverulega vernd verkamanna, sem getur verið hættu búin af bensen eða efnum, sem innihalda bensen.

6. gr.

1. Í húsakynnum, þar sem bensen eða efni, sem innihalda bensen er framleitt, meðhöndlað eða notað, skulu allar nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til varnar því að bensengufa sleppi út í andrúmsloftið á vinnustöðum.
2. Þar sem starfsmönnum getur verið hættu búin af bensen eða efnum, sem innihalda bensen, skal atvinnurekandinn tryggja það, að bensenmagnið í loftinu á vinnustöðum fari ekki fram úr hámarki, sem ákveðið sé af hlutaðeigandi stjórnvaldi og ekki má vera hærra en 25 hlutar á móti milljón (80 mg/m^3).
3. Hlutaðeigandi stjórnvald skal gefa út leiðbeiningar um mælingar á bensenmagni í andrúmslofti á vinnustöðum.

7. gr.

1. Vinnsla, sem hefur í för með sér notkun bensens eða efna, sem innihalda bensen, ætti eftir því sem við verður komið að fara fram í lokuðu kerfi.
2. Nú er ekki unnt að láta vinnsluna fara fram í lokuðu kerfi og skulu þá vinnustaðir, þar sem bensen eða efni innihaldandi bensen, er notað, búinir virkum tækjum til þess að fjarlægja bensengufu í svo ríkjum mæli sem nauðsynlegt er til verndar heilsu starfsmannanna.

8. gr.

1. Starfsmönnum, sem kunna að koma með hörund í snertingu við fljótandi bensen eða vökva, sem innihalda bensen, skal séð fyrir nægilegum persónulegum hlífum gegn þeirri hættu að bensen komist inn um húðina.
2. Nú kann starfsmönnum af sérstökum ástæðum að vera hættu búin á vinnustað af bensenmagni í andrúmslofti, sem yfirstigur það hámark, sem tilgreint er í 2. tölul. 6. greinar þessarar samþykktar og skal þeim þá séð fyrir sérstökum persónulegum hlífum gegn hættunni á að anda að sér bensengufu. Tími sá, sem slík hættu varir, skal takmarkaður svo sem frekast er unnt.

9. gr.

1. Starfsmenn, sem eiga að hefja vinnslu, sem hefur í för með sér hættu frá bensen eða efnum, sem innihalda bensen, skulu undirgangast:
 - a. nákvæma lækisrannsókn, áður en vinna hefst, þ. á m. blóðrannsókn, til þess að kanna hæfni þeirra til starfsins,
 - b. lækisrannsóknir síðar, er feli í sér líffræðilegar prófanir og blóðrannsóknir og skulu þessar rannsóknir fara fram reglulega með millibili, sem ákveðið sé í landslögum eða reglugerðum.

2. Að höfðu samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli, þar sem slík samtök fyrirfinnast, getur hlutaðeigandi stjórnvald í hverju landi leyft undanþágur frá kröfunum í 1. tölul. þessarar greinar að því er varðar tiltekna flokka verkamanna.

10. gr.

1. Læknisrannsóknir þær, sem kveðið er á um í 1. tölul. 9. gr. þessar samþykktar skulu:
 - a. framkvæmdar á ábyrgð hæfs læknis, sem viðurkenndur er af hlutaðeigandi stjórnvaldi, og með aðstoð frá viðurkenndri rannsóknarstofu, ef hæfa þykir,
 - b. vottaðar á viðeigandi hátt.
2. Þessar læknisrannsóknir skulu vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.

11. gr.

1. Konur, sem samkvæmt læknisvottorði eru þungaðar eða hafa barn á brjósti, ættu ekki að vinna við framleiðslu, sem getur haft í för með sér hættu frá bensen eða efnum, sem innihalda bensen.
2. Unglingar innan 18 ára aldurs ættu ekki að vinna við framleiðslu, sem getur haft í för með sér hættu frá bensen eða efnum, sem innihalda bensen. Þetta bann þarf þó ekki að taka til unglunga, sem eru í námi eða þjálfun og eru undir viðeigandi tæknilegu og læknisfræðilegu eftirliti.

12. gr.

Orðið „bensen“ og nauðsynleg hættumerki skulu vera sýnileg á sérhverju íláti, sem inniheldur bensen eða efni, sem innihalda bensen.

13. gr.

Sérhvert aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að hver sá starfsmaður, sem getur verið í hættu frá bensen eða efnum, sem innihalda bensen, fái viðeigandi leiðbeiningar um heilbrigðis- og öryggisráðstafanir, svo og viðbrögð, sem við eiga, ef einhver merki eitrunar finnast.

14. gr.

Hvert það aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa:

- a. skal með lögum, reglugerðum eða á annan þann hátt, sem samrýmist venju og aðstæðum, gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að veita ákvæðum samþykktar þessarar gildi,
- b. skal, í samræmi við venju í landinu, tilnefna mann eða menn, sem beri ábyrgð á því, að ákvæðum samþykktar þessarar sé framfylgt,
- c. skuldbindur sig til þess að koma á fullnægjandi eftirliti með framkvæmd ákvæða samþykktar þessarar eða fullvissa sig um að viðeigandi eftirlit sé framkvæmt.

15.—21. gr.

Ákvæði þessara greina eru samhljóða ákvæðunum í 7.—14. gr. Samþykktar nr. 135 hér að framan.

Fylgiskjal III.

Tillaga nr. 143 um vernd og fyrirgreiðslu til handa trúnaðarmönnum verkamanna á vinnustað.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er kom saman til fimmtugustu og sjöttu þingselu sinnar í Genf hinn 2. júní 1971 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuálastofnunar

hefur gert Samþykkt um trúnaðarmenn verkamanna 1971,
 hefur ákveðið að samþykkja tilteknar ábendingar um vernd og fyrirgreiðslu til handa trúnaðarmönnum verkamanna, sem er 5. mál á dagskrá þessa þings og þar sem það hefur ákveðið, að þessar ábendingar skuli gerðar í tillöguformi, gerir þingið í dag hinn 23. júní 1971 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Tillaga um trúnaðarmenn verkamanna, 1971:

I. Framkvæmdahættir.

1. Tillögu þessari má veita gildi með lögum, reglugerðum, eða heildarsamningum eða með hverjum þeim hætti öðrum, sem samrýmist landsvenjum.

II. Almenn ákvæði.

2. Í þessari tillögu merkir „trúnaðarmenn verkamanna“ menn, sem viðurkenndir eru sem slíkir samkvæmt lögum eða venju, hvort sem þeir eru:
 - a. trúnaðarmenn verkamanna, þ. e. a. s. trúnaðarmenn tilnefndir eða kjörnir af stéttarfélagum eða meðlimum slíkra félaga; eða
 - b. kjörnir trúnaðarmenn, þ. e. a. s. trúnaðarmenn, sem eru með frjálsum kosningum kjörnir af verkamönnum í fyrirtækinu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða eða heildarsamninga, enda taki hlutverk þeirra ekki til starfsemi, sem í hlutaðeigandi landi er viðurkennt að heyri einungis undir stéttarfélag.
3. Með lögum, reglugerðum, heildarsamningum, úrskurðum gerðardóma eða dómstóla má ákveða hvaða flokkur eða flokkar trúnaðarmanna verkamanna skuli njóta verndar þeirrar og fyrirgreiðslu, sem um ræðir í þessari tillögu.
4. Nú eru hjá sama fyrirtæki bæði trúnaðarmenn stéttarfélags og kjörnir trúnaðarmenn og skal þá, ef nauðsyn krefur, gera viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því, að tilvist kjörinna trúnaðarmanna sé ekki notuð til þess að grafa undan stöðu hlutaðeigandi stéttarfélags eða trúnaðarmanna þess og stuðla skal að samvinnu kjörinna trúnaðarmanna og hlutaðeigandi stéttarfélaga og trúnaðarmanna þeirra um öll atriði, er máli skipta.

III. Vernd til handa trúnaðarmönnum verkamanna.

5. Trúnaðarmenn verkamanna á vinnustað skulu njóta raunhæfrar verndar fyrir hvers konar skaðlegum athöfnum þ. á m. uppsögn vinnu, sem heint er gegn þeim vegna stöðu þeirra eða starfsemi sem trúnaðarmanna verkamanna eða vegna aðildar þeirra að stéttarfélagi eða þátttöku í starfsemi slíkra félaga, svo framarlega sem þeir haga sér í samræmi við gildandi lög, heildarsamninga eða aðra skipan, sem aðilar hafa samþykkt.
6. (1) Þar sem ekki er um að ræða nægilegar viðeigandi verndarráðstafanir fyrir verkamenn almennt, skal gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja trúnaðarmönnum verkamanna raunverulega vernd.
 - (2) Þessar ráðstafanir gætu falið í sér eftirfarandi:
 - a. ýtarlega og skýra skilgreiningu á ástæðum, sem réttlætt geti uppsögn trúnaðarmanns verkamanna úr vinnu;
 - b. að krafist sé þess, að áður en uppsögn trúnaðarmanns verkamanna komi til framkvæmda sé haft samráð við, leitað álits eða samþykkis hlutlauss aðila eða samstarfsnefndar;
 - c. að trúnaðarmenn verkamanna hafi sérstaka möguleika til áfrýjunar, ef þeir telja uppsögn sína óréttmæta, kjörum þeirra hafi verið breytt þeim í óhag eða þeir hafi sætt óréttmætri meðferð;
 - d. ef trúnaðarmanni verkamanna hefir með óréttmætum hætti verið sagt upp vinnu, skal kveðið á um raunhæfa leiðréttingu, sem m. a. væri fólgin í því að hann verði tekinn aftur í vinnu, honum greitt van-

- greitt kaup og hann haldi áunum réttindum, enda sé það ekki andstætt landslögum;
- e. að atvinnurekanda sé gert að sanna réttmæti gerða sinna, ef því er haldið fram, að trúnaðarmanni verkamanna hafi verið ranglega sagt upp vinnu eða kjörum hans breytt honum í óhag;
- f. viðurkennt sé, að trúnaðarmaður verkamanna skuli sitja fyrir um vinnu, þegar starfsfólki er fækkað.
7. (1) Vernd sú, sem um ræðir í 5. gr. skal einnig veitt þeim verkamönnum, sem eru trúnaðarmannsefni, eða hafa verið útnefndir sem trúnaðarmannsefni, í samræmi við gildandi reglur um val eða tilnefningu trúnaðarmanna.
- (2) Sömu vernd mætti einnig veita verkamönnum, sem hættir eru að vera trúnaðarmenn.
- (3) Með einhverjum þeim hætti, sem um ræðir í 1. gr. þessarar tillögu, má ákveða þann tíma, sem þeir, er um ræðir í þessari grein, skuli njóta verndar þessarar.
8. (1) Nú lætur maður af starfi sem trúnaðarmaður verkamanna hjá fyrirtæki, sem hann hefur unnið hjá og tekur aftur við starfi sínu hjá því fyrirtæki og skal hann þá halda eða endurheimta öll sín réttindi þ. á m. þau, sem varða tegund vinnu, vinnulaun og stöðuhækkun.
- (2) Með lögum, reglugerðum, heildarsamningum eða úrskurðum gerðardóma eða dómstóla skal úr því skorið hvort, eða að hve miklu leyti ákyæðin í tölul. (1) í þessari grein skuli taka til þeirra trúnaðarmanna verkamanna, sem aðallega hafa sinnt sínu hlutverki utan hlutaðeigandi fyrirtækis.

IV. Fyrirgreiðsla til handa trúnaðarmönnum verkamanna.

9. (1) Veita skal trúnaðarmönnum verkamanna í fyrirtækinu aðstöðu, sem geri þeim kleift að inna af höndum ætlunarverk sín fljótt og vel.
- (2) Í þessu sambandi skal taka tillit til þess, hvernig háttáð er samstarfi atvinnurekenda og verkafólks í landinu svo og þarfa, stærðar og möguleika hlutaðeigandi fyrirtækis.
- (3) Veiting þessarar aðstöðu ætti ekki að skerða afkastagetu hlutaðeigandi fyrirtækis.
10. (1) Veita skal trúnaðarmönnum verkamanna nauðsynleg fri frá störfum, án skerðingar á kaupum eða öðrum greiðslum, til þess að inna af hendi trúnaðarstörf sín í fyrirtækinu.
- (2) Ef ekki hafa verið sett viðeigandi ákvæði um þetta efni, má krefjast þess að trúnaðarmaður verkamanna afli sér leyfis næsta yfirmanns síns eða annars þar til nefnds fulltrúa stjórnar fyrirtækisins, áður en hann tekur sér fri frá störfum, en um slíkt leyfi má ekki synja án gildrar ástæðu.
- (3) Eðlileg takmörk má setja um fri frá störfum, sem veitt eru trúnaðarmönnum verkamanna samkvæmt tölul. (1) í þessari grein.
11. (1) Í því skyni að gera trúnaðarmönnum verkamanna unnt að inna störf sín vel af hendi ætti að veita þeim nauðsynleg fri frá störfum til þess að taka þátt í fundum stéttarfélag, námskeiðum og þingum.
- (2) Fri frá störfum í samræmi við tölul. (1) í þessari grein skal veita án skerðingar á kaupum eða öðrum greiðslum, en ákveða skal með einhverjum þeim hætti, sem um ræðir í 1. gr. tillögu þessarar, hver bera skuli kostnaðinn, sem af þessu leiðir.
12. Trúnaðarmönnum verkamanna í fyrirtækinu skal veittur aðgangur að öllum vinnustöðum þess, ef það er nauðsynlegt, til þess að þeir geti innt af hendi trúnaðarstörf sín.
13. Til þess að trúnaðarmenn verkamanna geti á fullnægjandi hátt gegnt skyldum sínum skal þeim án óþarfa tafar og eftir því sem nauðsyn krefur veittur

aðgangur að stjórn fyrirtækisins og fulltrúum hennar, sem hafa heimild til að taka ákvarðanir.

14. Ef ekki er um að ræða annan hátt á innheimtu stéttarfélagsgjalda, skal trúnaðarmönnum stéttarfélaga, sem til þess hafa umboð félagsins, heimilt að innheimta þessi gjöld reglulega á vinnustöðum fyrirtækisins.
15. (1) Trúnaðarmönnum verkamanna, sem koma fram fyrir hönd stéttarfélags, ætti að vera leyfilegt að festa upp tilkynningar stéttarfélags á vinnustað fyrirtækis á þeim stað eða stöðum, sem um semst við stjórn fyrirtækisins og verkamenn hafa greiðan aðgang að.
- (2) Stjórnendur fyrirtækis ættu að leyfa trúnaðarmönnum verkamanna, sem koma fram fyrir hönd stéttarfélags, að dreifa meðal verkamanna fyrirtækisins fréttamiðum, bæklingum, ritum og öðru efni frá stéttarfélaginu.
- (3) Tilkynningar og rit, sem um ræðir í þessari grein, ættu að varða eðlilega starfsemi stéttarfélags og uppfesting þeirra og dreifing ætti ekki að trufla eðlilega starfsemi fyrirtækisins eða snyrtilega umgengni.
- (4) Trúnaðarmenn verkamanna, sem eru kjörnir trúnaðarmenn í merkingu stafliðs b í 2. gr. þessarar tillögu, ættu að njóta sams konar aðstöðu í samræmi við hlutverk þeirra.
16. Með þeim skilyrðum og að því marki, sem ákveðið kann að vera með einhverjum þeim hætti, sem um ræðir í 1. gr. tillögu þessarar, ætti stjórn fyrirtækis að láta trúnaðarmönnum verkamanna í té hluti og upplýsingar, sem eru þeim nauðsyn til þess að fullnægja skyldum sínum.
17. (1) Nú vinnur trúnaðarmaður verkamanna ekki hjá fyrirtækinu, en meðlimir stéttarfélags hans vinna þar, og skal hann þá eiga aðgang að fyrirtækinu.
- (2) Ákvörðun skilyrða fyrir slíkum aðgangi ætti að taka með einhverjum þeim hætti, sem um ræðir í 1. og 3. grein tillögu þessarar.

Fylgiskjal IV.

Tillaga nr. 144 um vernd gegn eitrunarhættu frá benseni.

Allsherjarþing Alþjóðavinnuárástofnunarinnar, er kom saman til 56. þingsetu sinnar í Genf hinn 2. júní 1971 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnuárástofnunar og gert hefur Bensensamþykktina 1971, hefur ákveðið að fallast á tiltekna ábendingar varðandi vernd gegn eitrunarhættu frá benseni, sem er 6. mál á dagskrá þingsins og þar sem það hefur ákveðið að ábendingar þessar skuli gerðar í tillöguformi gerir þingið í dag hinn 23. júní 1971 eftirfarandi tillögu, sem nefnist Bensen-tillagan, 1971:

I. Gildissvið.

1. Tillaga þessi tekur til allrar starfsemi, þar sem starfsmönnum getur verið hættu búin af
 - a. aromatiska kolvatnsefninu bensen C_6H_6 , hér á eftir nefnt „bensen“,
 - b. framleiðsluvörum, sem innihalda meira en 1% af benseni, miðað við rúm-mál, hér á eftir nefndar „efni, sem innihalda bensen“, bensenmagnið ætti að ákvarða með greiniaðferðum, sem þar til bærar alþjóðlegar stofnanir mæla með.
2. Drátt fyrir ákvæði 1. gr. þessarar tillögu ætti smám saman að lækka svo sem unnt er bensenmagn í vörum, sem stafliður b í þeirri grein tekur ekki til, þegar það er nauðsynlegt til verndar heilsu starfsmannanna.

II. Takmarkanir á notkun bensens.

3. (1) Þegar völ er á skaðlausum eða skaðminni efnum, skal nota þau í staðinn fyrir bensen eða efni, sem innihalda bensen.
 - (2) Töluliður (1) í þessari grein tekur ekki til
 - a. framleiðslu á benseni,
 - b. notkunar bensens við efnasyntesur,
 - c. notkunar bensens í brennsluefni véla,
 - d. efnagreininga og rannsókna á rannsóknastofum.
4. (1) Banna ætti notkun bensens og efna, sem innihalda bensen, við ákveðnar vinnsluaðferðir, sem tilteknar séu í landslögum eða reglugerðum.
 - (2) Bann þetta ætti a. m. k. að taka til notkunar bensens og efna, sem innihalda bensen, sem upplausnar- eða þynnngarefni, nema breytingin fari fram í lokuðu kerfi eða með álíka öruggum hætti.
5. Í tilvikum, sem ákveðin séu af hlutaðeigandi stjórnvaldi, ætti að banna sölu á tilteknum iðnaðarvörum, sem innihalda bensen, svo sem málningu, lókkun, lími, bleki og ýmsum upplausnum, sem tilgreindar séu í landslögum eða reglugerðum.

III. Tæknilegar ráðstafanir til varnar gegn hættu.

Heilsuvernd á vinnustað.

6. (1) Ráðstafanir til heilsuverndar og tæknilegar ráðstafanir skulu gerðar til þess að tryggja raunhæfa vernd til handa starfsmönnum, sem getur verið hætta búin frá benseni eða efnum, sem innihalda bensen.
 - (2) Þrátt fyrir ákvæði 1. greinar þessarar tillögu, ætti einnig að gera slíkar ráðstafanir, þar sem starfsmönnum getur verið hætta búin frá efnum, sem innihalda minna en 1% af benseni miðað við rúmmál, ef það er nauðsynlegt til þess að tryggja það, að bensenmagn í andrúmsloftinu haldist undir því hámarki, sem ákveðið er af hlutaðeigandi stjórnvaldi.
7. (1) Í húsakynnum, þar sem bensen eða efni, sem innihalda bensen, er framleitt, meðhöndlað eða notað, ætti að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til varnar því, að bensengufa sleppi út í andrúmsloftið á vinnustöðum.
 - (2) Þar sem starfsmönnum getur verið hætta búin af benseni eða efnum, sem innihalda bensen, ætti atvinnurekandinn að tryggja það, að bensenmagnið í loftinu á vinnustöðum fari ekki yfir hámark, sem ákvarða ætti af hlutaðeigandi stjórnvaldi og ekki má vera herra en 25 hlutar á móti milljón (80 mg/m^3).
 - (3) Hámark það, sem nefnt er í 2. tölul. þessarar greinar, ætti að lækka svo fljótt sem auðið er, ef lækisfræðileg athugun sýnir, að það sé æskilegt.
 - (4) Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að gefa út leiðbeiningar um framkvæmd mælinga á bensenmagni í andrúmsloftinu á vinnustöðum.
8. (1) Vinnsla, sem hefur í för með sér notkun bensens eða efna, sem innihalda bensen, ætti, eftir því sem við verður komið, að fara fram í lokuðu kerfi.
 - (2) Nú er ekki unnt að láta vinnsluna fara fram í lokuðu kerfi og skulu þá vinnustaðir, þar sem bensen eða efni innihaldandi bensen eru notuð, búnir virkum tækjum til þess að fjarlægja bensengufu í svo ríku mæli sem nauðsynlegt er til verndar heilsu starfsmanna.
 - (3) Þess ber að gæta, að úrgangur, sem inniheldur fljótandi bensen, eða bensengufu, stofni ekki heilsu starfsmanna í hættu.
9. (1) Starfsmönnum, sem kunna að koma með hörund í snertingu við fljótandi bensen eða vökva, sem innihalda bensen, skal séð fyrir nægilegum persónulegum hlífum gegn þeirri hættu, að bensen komist inn um húðina.
 - (2) Nú kann starfsmönnum af sérstökum ástæðum að vera hætta búin af bensenmagni í andrúmslofti á vinnustað, sem yfirstígur það hámark, sem tilgreint er í 2. tölul. 7. greinar þessarar tillögu, og ætti þá að sjá þeim

fyrir sérstökum persónulegum hlífum gegn hættunni á að anda að sér bensengufu. Tíma þann, sem slík hætta varir, ætti að takmarka svo sem frekast er unnt.

10. Sérhver starfsmaður, sem getur verið í hættu frá bensení eða efnum, sem innihalda bensen, ætti að klæðast vinnufötum við hæfi.
11. Leggja ætti þann við því að starfsmenn noti bensen eða efni, sem innihalda bensen, við hreinsun á höndum eða fatnaði.
12. Ekki ætti að neyta matar eða koma með mat inn í húsakynni, þar sem bensen eða efni innihaldandi bensen eru framleidd, meðhöndluð eða notuð. Reykingar ætti að banna á slíkum stöðum.
13. Í fyrirtækjum, þar sem bensen eða efni innihaldandi bensen, eru framleidd, meðhöndluð eða notuð, ætti atvinnurekandinn að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að starfsmennirnir eigi aðgang að,
 - a. nægilegri og viðeigandi aðstöðu til þvotta, er sé þægilega staðsett og vel við haldið.
 - b. hæfilegu húsnæði til að matast í, ef ekki eru gerðar viðeigandi ráðstafanir til þess að starfsmennirnir geti matast annars staðar,
 - c. fataherbergjum eða öðru plássi, þar sem unnt er að geyma vinnuföt aðskilin frá venjulegum fötum starfsmanna.
14. (1) Þær persónulegu hlífar, sem um getur í 9. gr. tillögu þessarar og vinnufatnað þann, sem um getur í 10. gr. hennar, ætti vinnuveitandinn að láta í té, hreinsa og við halda.
 - (2) Starfsmönnum ætti að vera skylt að nota þessar persónulegu hlífar og vinnufatnað og gæta þessara hluta vel.

IV. Heilsugæsla.

15. (1) Starfsmenn, sem eiga að hefja vinnslu, sem getur haft í för með sér hættu frá bensení eða efnum, sem innihalda bensen, skulu undirgangast
 - a. nákvæma læknisrannsókn áður en vinna hefst, þ. á m. blóðrannsókn, til þess að kanna, hvort þeir eru hæfir til starfsins,
 - b. læknisrannsóknir síðar, er feli í sér líffræðilegar prófanir, þ. á m. blóðrannsókn, á fresti, sem ákveðinn sé með landslögum eða reglugerðum og ekki má vera lengri en eitt ár.
 (2) Hlutaðeigandi stjórnvald í hverju landi getur að höfðu samráði við aðalsamtök atvinnurekenda og verkamanna, sem hlut eiga að máli, þar sem slík samtök fyrirfinnast, leyft undanþágur frá kröfunum í 1. tölul. þessarar greinar að því er varðar tiltekna flokka starfsmanna.
16. Við lækni- og skóðunina ætti að gefa starfsmönnum, sem hlut eiga að máli, skriflegar leiðbeiningar um varnaraðgerðir gegn heilsutjóni af völdum bensens.
17. Læknisrannsóknir þær, sem kveðið er á um í 1. tölul. 15. greinar þessarar tillögu ætti að:
 - a. framkvæma á ábyrgð hæfs læknis, sem viðurkenndur er af hlutaðeigandi stjórnvaldi, og ef hæfa þykir með aðstoð frá viðurkenndri rannsóknarstofu,
 - b. votta á viðeigandi hátt.
18. Þessar læknisrannsóknir ættu að fara fram í vinnutíma og þær ættu að vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.
19. Konur, sem samkvæmt læknisvottorði eru þungaðar, eða hafa barn á brjósti, ættu ekki að vinna við framleiðslu, sem getur haft í för með sér hættu frá bensení eða efnum, sem innihalda bensen.
20. Unglingar innan 18 ára aldurs ættu ekki að vinna við framleiðslu, sem getur haft í för með sér hættu frá bensení eða efnum, sem innihalda bensen, nema þeir séu í námi eða þjálfun og undir fullnægjandi tæknilegu og læknisfræðilegu eftirliti.

V. Geymar.

21. (1) Á sérhverjum geymi, sem inniheldur bensen, eða efni, sem innihalda bensen, ætti að standa skýrum stöfum orðið „bensen“ og nauðsynleg hættumerki.
- (2) Einnig ætti að gefa til kynna hve stór hundraðshluti efnisins er bensen.
- (3) Þau hættumerki, sem nefnd eru í 1. tölul., ættu að hafa hlotið alþjóðlega viðurkenningu.
22. Bensen og efni innihaldandi bensen ætti ekki að koma með á vinnustað nema í geymum úr viðeigandi efni, nægilega sterkum og þannig hönnuðum og smíðuðum, að ekki sé hættu á leka eða útgufun.

VI. Fræðsla.

23. Sérhvert aðildarríki ætti að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að starfsmenn, sem geta verið í hættu frá bensen eða efnum, sem innihalda bensen, hljóti, á kostnað atvinnurekandans, viðeigandi þjálfun og fræðslu um aðferðir til að vernda heilsuna og forðast slys, svo og um viðeigandi aðgerðir, ef einkenni eitrunar koma í ljós.
24. Á vinnustöðum þar sem bensen eða efni, sem innihalda bensen, eru notuð, ætti á hentugum stöðum að setja upp veggspjöld til þess að vekja athygli á:
 - a. hættunum,
 - b. vörnum, sem við ber að hafa,
 - c. hlífðarbúnaði, sem nota skal,
 - d. skyndihjálpi þegar um bráða benseneitrun er að ræða.

VII. Almenn ákvæði.

25. Sérhvert aðildarríki ætti:
 - a. með lögum eða reglugerðum eða á annan hátt í samræmi við venju og aðstæður í landinu, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja ákvæðum þessarar tillögu,
 - b. í samræmi við venju í landinu ætti að tilnefna mann eða menn, sem ábyrgð ber á því, að ákvæðum tillögu þessarar sé framfylgt,
 - c. að sjá fyrir nægilegu eftirliti til þess að líta eftir framkvæmd ákvæða þessarar tillögu, eða fullvissa sig um að viðeigandi eftirlit sé haft.
26. Hlutaðeigandi stjórnvald í hverju landi ætti á raunhæfan hátt að efla rannsóknir á skaðlausum eða skaðminni efnum, sem komið gætu í staðinn fyrir bensen.
27. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að koma á fót skýrslugerð um benseneitranir, sem eru læknisfræðilega staðreyndar og birta ætti þessar skýrslur árlega.

the 1990s, the number of people in the UK who are aged 65 and over has increased from 10.5 million to 13.5 million (1990-2000) (ONS 2001).

There is a growing awareness of the need to address the health care needs of the elderly population. The Department of Health (2001) has set out a strategy for the NHS to meet the needs of the elderly population. This strategy is based on the following principles:

- To ensure that the NHS is able to meet the needs of the elderly population.
- To ensure that the NHS is able to provide a high quality of care for the elderly population.
- To ensure that the NHS is able to provide a range of services to meet the needs of the elderly population.

The NHS is committed to providing a high quality of care for the elderly population. This commitment is reflected in the following objectives:

- To ensure that the NHS is able to provide a high quality of care for the elderly population.
- To ensure that the NHS is able to provide a range of services to meet the needs of the elderly population.
- To ensure that the NHS is able to provide a high quality of care for the elderly population.

The NHS is committed to providing a high quality of care for the elderly population. This commitment is reflected in the following objectives:

- To ensure that the NHS is able to provide a high quality of care for the elderly population.
- To ensure that the NHS is able to provide a range of services to meet the needs of the elderly population.
- To ensure that the NHS is able to provide a high quality of care for the elderly population.

The NHS is committed to providing a high quality of care for the elderly population. This commitment is reflected in the following objectives:

- To ensure that the NHS is able to provide a high quality of care for the elderly population.
- To ensure that the NHS is able to provide a range of services to meet the needs of the elderly population.
- To ensure that the NHS is able to provide a high quality of care for the elderly population.

The NHS is committed to providing a high quality of care for the elderly population. This commitment is reflected in the following objectives:

- To ensure that the NHS is able to provide a high quality of care for the elderly population.
- To ensure that the NHS is able to provide a range of services to meet the needs of the elderly population.
- To ensure that the NHS is able to provide a high quality of care for the elderly population.